

2. Gildir eigi eitt og hið sama þá, sem hingað inn kunna að flytja úr einhverjum utanþjóðkirkjusöfnuði annarstaðar á landinu. Eru eigi allir innflytjendur hingað sem sjálfvaldir meðlimir þjóðkirkjunnar uns þeir segja sig úr skriflega, og þá gjaldskyldir þjóðkirkju og prestri hennar fram til næstu fardaga, nema hafi þeir komið og sagt sig úr fyrir 6. júní á innflutningsárinu. 4
10. febr.
3. Ber eigi að færa umrædda menn ásamt skylduliði þeirra í manntalsgjörð þjóðkirkju við áramót oftnefnds innflutningsárs þeirra.

Þessum fyrirspurnum svarast þannig:

ad. 1—2. Þessum spurningum ber að svara játandi, sbr. brjef stjórnarráðsins 28. maí 1910, Stj.tíð. 1910, B. bls. 105. Þó virðist rjett að sú tilhlíðrun sje gerð, meðan sami maðurinn er forstöðumaður utanþjóðkirkjusafnaðanna í Rvík og Hafnarfirði, að utanþjóðkirkjumaður, er flyst úr frikirkjusöfnuði Rvíkur til Hafnarfjarðar eða úr frikirkjusöfnuði Hafnarfjarðar til Reykjavíkur, skuli vera laus við greiðslu til þjóðkirkjunnar þegar á fyrsta ári dvalar sinnar, ef hann í síðasta lagi fyrir lok nóvembermánaðar skýrir hlutadeigandi sóknarpresti frá því að hann hafi gerst meðlimur utanþjóðkirkjusafnaðarins á hinum nýja stað.

ad. 3. Það er sjálfgefið að innflytjendur, sem þjóðkirkjan helgar sjer innflutningsárið, færast í manntalsgjörð þjóðkirkjunnar.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu um hlunnindi handa sparisjóðnum í Ólafsfirði. 5
10. mars

Útaf beiðni, sem hingað hefir borist frá stjórnendum sparisjóðsins í Ólafsfirði vill stjórnarráðið hjermeð veita nefndum sjóði um 5 ár frá 1. þ. m. að telja hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun 5. janúar 1874 um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, með þeim skilyrðum, að eigi rýrni trygging sú, sem nú er fyrir því, að sjóðurinn standi í skilum, að ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins sje nákvæmlega gætt og að forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningi hans í fyrirskipuðu formi. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breyting, sem verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið til birtingar fyrir forstöðunefnd sjóðsins.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um hlunnindi handa sparisjóði Hofshrepps. 6
10. mars

Útaf beiðni, sem hingað hefir borist frá stjórnendum sparisjóðs Hofshrepps vill stjórnarráðið hjermeð veita nefndum sjóði um 5 ár frá 1. þ. m. að telja